

BRÁÐABIRGÐALÖG

um hámarksþóknun fyrir verkfræðistörf.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Ríkisstjórnin hefur tjáð mér, að greiðslur fyrir flest störf verkfræðinga í þágu ríkisins hafi undanfarið verið ákveðnar með hliðsjón af tíma kaupum samkvæmt gjaldskrá Verkfræðingafélags Íslands, frá 19. apríl 1955, með síðari verðlagsuppbótum samkvæmt lögum. Verkfræðingafélag Íslands hafi nú gefið út nýja gjaldskrá, sem gildi frá 1. þ. m., þar sem tíma kaupum er ætlað að hækka allt að 320%, auk þess sem þóknun fyrir ákvæðisvinnu er ætlað að hækka verulega.

Slík hækkun á kaupum verkfræðinga myndi óhjákvæmilega valda stórkostlegri röskun á launamálum bæði hjá ríki og öðrum aðilum og auk þess óeðlilegum kostnaðarauka við margvísleg rannsóknarstörf og framkvæmdir.

Því telur ríkisstjórnin, að brýna nauðsyn beri til að komið verði í veg fyrir að nefnd gjaldskrá komi til framkvæmda.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög, samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, á þessa leið:

1. gr.

Þóknun verkfræðinga fyrir verkfræðistörf, unnin í ákvæðisvinnu eða tíma vinnu, skal eigi vera hærri en ákveðið er í gjaldskrá Verkfræðingafélags Íslands, frá 19. apríl 1955, að viðbættum lögleyfðum uppbótum.

Leggi verkkaupandi til vinnuaðstöðu verkfræðings, skal sú vinnuaðstaða teljast 40% þóknunar samkvæmt fyrrnefndri gjaldskrá, frá 19. apríl 1955.

2. gr.

Með brot gegn lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála og varða brot sektum.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 2. maí 1962.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Ingólfur Jónsson.